

**Skóla- og frístundasvið
Akraneskaupstaðar**

**Leikskólinn Garðasel
2023 -2024**



Hlutverk

Hlutverk skóla á Akranesi er að skapa skilyrði fyrir nemendum þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.

Efnisyfirlit

1. Um starfsáætlanir leikskóla	3
2. Greinargerð frá skólustjóra	4
3. Áherslur í skólastarfi	6
4. Stefna skólans	7
5. Nemendur	10
6. Starfsfólk	10
6.1 Samsetning starfsmannahóps	10
6.2 Starfsþróun og endurmenntun	13
7. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	14
7.1 Innra mat leikskólans	14
7.2 Mat á þroska og velferð barn.....	14
7.4 Matsáætlun / umbótaáætlun	16
8 Aðrar upplýsingar	17
8.1 Foreldrasamvinna.....	17
8.2 Samstarf leik- og grunnskóla	18
Brúum bilið.....	18
8.3 Samstarf leikskólastjóra	19
8.4 Samstarf sérkennslustjóra	19
8.5 Almennar upplýsingar	19
9. Skóladagatal 2023 -2024	20
10. Umsögn foreldraráðs	22
11. Lokaorð	22

1. Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni er fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir. Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári. Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.



Lífið er leikur

2. Greinargerð frá skólastjóra

Skólaárið 2022 -2023 var krefjandi og flókið þar sem margar áskorarnir féllu skólanum í fang. Nýtt Garðasel (6 deildir) var í byggingu og gert var ráð fyrir að þeim framkvæmdum lyki um mánaðamótin júlí – ágúst en það stóðst ekki. Innritun að vori gerði þó ráð fyrir flutningi í nýjan skóla og þegar ljóst var að það myndi ekki ganga eftir þurfti að leita tímabundinna lausna. Ákveðið var að fara með með elsta hópinn tímabundið á Þekjuna við Vesturgötu og var sú útideild mönnum sérstaklega. Fjórar deildir voru í Garðaseli og næst elsti árgangurinn var með aðstöðu á miðrymi skólans og síðan deildirnar þjár með 1 -3 ára börnum. Aðstæður í Garðaseli voru krefjandi þar sem húsnæðið hentaði ekki stórum hópi ungra barna vegna sameiginlegs rýmis. Áskorun var að sætta ólík sjónarmið um þessa stöðu sem skólinn var tímabundið í og reyndi það á stjórnendur að leiða farsælt skólastarf fyrir börnin og eiga uppbyggjandi samtöl við þá sem höfðu skoðanir á þeirri stöðu sem uppi var.

Á sama tíma var nýja Garðasel í byggingu sem var stórt verkefni og stjórnendur sátu samráðsfundi og verkfundi, tóku ákvarðanir varðandi búnað, innkaup og annað sem fellur byggingu og opnun nýs skóla. Það var unnið samhliða því að reka leikskólann og halda starfsemi í góðu jafnvægi. Ljóst er að þetta var mikil vinna og niðurstaðan til sóma fyrir skólastjórnendur, starfsfólk sem kláraði þessa vegferð saman.

Flutt var inn í einn kjarna af þremur í lok október 2022 (elstu börnin), inn í hluta skólans 22. janúar 2023 og allt húsið var komið í notkun í apríl 2023. Eitt og annað var þá eftir innandyra og lóðin var komin að hluta og síðan öll í lok júní. Það þurfti lausnamiðaða hugsun þegar kom að útivistinni þar sem mjög takmarkað leiksvæði var frá janúar – júní.

Formleg vígsla skólans var 22. júní 2023 og var skólinn opinn síðdegis þennan dag og íbúar Akraness og aðrir gestir boðið að koma og skoða húsnæðið. Skólinn vekur mikla eftirtekt og hefur verið tekið á mótí fjölmörgum ólíkum hópum og tækifæri gefist til að segja frá vegferðinni og hugmyndafræðinni á bak við hönnun skólans, inni og úti.

Ingunn Ríkhardsdóttir, skólastjóri, var í leyfi frá maí 2022 til 1. febrúar 2023 og tók Ingunn Sveinsdóttir við sem skólastjóri og Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir tók við sem aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri.

Starfsáætlun fyrir skólaárið 2022 -2023 var ekki gerð og ástæður þess að margt var mjög óljóst í starfsemi, tímaáætlanir nýbyggingar stóðust ekki og mestur hluti fór í að undirbúa flutning í nýjan skóla. Skólastarfið hélt sínu striki af metnaði og fagmennsku allt skólaárið og aðlagað að breyttum aðstæðum.



Samantekt frá síðasta skólaári

- Leikskólinn opnaði eftir sumarlokun 9. ágúst og aðlögun nýrra barna hófst 15. ágúst.
- Elstu börnunum fæddum 2017 var boðið á vel heppnaða tónleika í Hörpu 22. ágúst.
- Tannverndarvika var 12. -16. september.
- Umferðardagar voru í október og maí með áherslum á öryggi barna, hjól og hjálma.
- Haustskólinn og Vorskólinn fyrir elstu börnin voru í október og apríl.
- Verkefnið Brúum bilið hélt áfram og fundað var tvisvar á skólaárinu til að skipuleggja samstarfið milli skólastiganna.
- Foreldrasamtöl voru tvö á árinu – að hausti (okt-nóv) og að vori (apríl).
- Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í skólanum með söng, lestri og samveru.
- Sundnámskeið elstu barna og íþróttadagar voru í júní.
- Fyrsta útskriftin í nýja Garðaseli var í júní þegar 2017 börnin luku skólagöngu sinni. Útskriftarferð elstu barna var velheppnuð dagsferð til Reykjavíkur.

Skólastarfið fór gegn í gegnum töluverðar áskoranir síðastliðið skólaár en meginverkefni og áherslur náðu að halda sér að mestu.

Skipulagsdagar voru ;

- **19. september 2022** voru deildarfundir og sameiginleg fræðsla, Hjálp í viðlögum og nýliðafræðsla
- **18. nóvember 2022**– Garðavellir - kynning frá Heilsugæslunni og Farsæld barna ásamt vinnufundum deilda
- **2. janúar 2023** – farið var yfir vinnustaðgreiningu Gallup, unnið með styrkleika og veikleika í starfseminni sameiginlega og í hópavinnu, deildarfundir og horft á myndbönd um Barnasáttmála UNISEF
- **23. febrúar 2023** – þessi dagur var færður til og notaður til flutninga 20. janúar
- **11. apríl 2023** – deildarvinna, sameiginlegt, rýmingaráætlun og öryggiskerfi, frágangur í skólanum



3. Áherslur í skólastarfi

Í Garðaseli er unnið með tvær meginstoðir í starfi ;

- **hreyfingu og heilsu**
- **gæði í samskiptum**

Garðasel er **heilsuleikskóli** og starfar eftir viðmiðum Heilsustefnunnar sem leggur áherslu á fjölbreytta hreyfingu og holla næringu. Öll börn fá skipulagða hreyfistund einu sinni í viku Heilsubók barnsins heldur utan um skráningar á færni og þroska barna.

Heilsueflandi leikskóli er verkefni á vegum embættis Landlæknis og hafa allir heilsuleikskólar farið inn í það verkefni þar sem áherslur Heilsustefnunnar og þessa verkefnis skarast á margan hátt. Mælikvarðar og mat eru unnin fyrir hvert skólaár.



Heilsuleikskólinn Garðasel



Aðrir námsþættir fléttast inn í daglegt starf ; læsi og málörvun, stærðfræði, sköpun, menning, rannsóknir og vísindi, frjáls leikur, athafnir daglegs lífs


Útinámið - skipulag þess og viðfangsefni taka mið af aldri og þroska barnanna. Skógræktin er næst Garðaseli og mest nýtt til útináms en aðrar náttúruperlur á Akranesi eru líka heimsóttar. Náttúrulegt umhverfi með litlu áreiti gefur börnum mikið og í ljós hefur komið að samskipti þeirra er afslappaðra í slíku umhverfi.

Vínáttuverkefni Barnaheilla er á öllum deildum og tekur sú vinna einnig mið af aldri og þroska barnanna. Allir kjarnar eiga verkefnatöskur og námsefni. Þetta er forvarnaverkefni til að byggja upp vellíðan og öryggi barna og mikilvægt að nýta námsefnið og leiðir þess til að byggja upp góð samskipti í barnahópnum.

Í **Uppeldi til ábyrgðar** er lögð áhersla á að hver og einn sé einstakur, bæði börn og fullorðnir, með ólíkar þarfir og reynt er að koma til móts við þær eins og hægt er.

4. Stefna skólans

Í stækkandi skóla bíða mörg tækifæri til vaxtar en líka margar áskoranir. Það er skólanum nauðsynlegt að setja sér stefnu til næstu ára um hvernig efla megi skólastarfið, gæði náms og skapa hvetjandi umhverfi fyrir börn og starfsfólk.



Skólasamfélagið – metnarfullt námsumhverfi

Mikilvægt er að skapa lærdómsríkt skólasamfélag þar sem öllum líður vel og gleði ríkir. Að stuðla að lærdómssamfélagi sem einkennist af samvinnu, samábyrgð og sameiginlegri sýn og starfsfólk taki ábyrgð á verkefnum sínum og skyldum.

Að framkvæma reglulega gæðamat til að auka gæði náms, stuðla að umbótum og tryggja að unnið sé eftir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér.

Sjálfsörugg og glöð börn

Stuðla að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum milli barna þar sem jákvæð viðhorf og virðing er grunnurinn með áherslu á velliðan, samkennd og sterka sjálfsmynd og börnum líður vel.

Leikskólastarfið á að endurspeglar fjölmennningarlegt samfélag þar sem allir fá að njóta sín.

Stuðla þarf að jafnrétti og lýðræði þannig að allir fái að njóta réttar síns og fái tækifæri til að taka virkan þátt í starfinu.

Að börnin njóti öryggis og verndar á meðan leikskóladvöl þeirra stendur.


Ánægðir foreldrar

Leggja skal áherslu á jákvætt og uppbyggjandi samstarf foreldra og skóla með virku samtali og upplýsingaflæði með áherslu á velliðan og velferð barna.

Gefa skal foreldrum tækifæri til að taka þátt í skólastarfinu eins og kostur er og leita eftir viðhorfum þeirra í endurmati á ýmsum þáttum skólastarfsins.



Stuðla skal að metnaðarfullum og lærdómsríkum starfsháttum í skólanum þar sem uppeldi og menntun barna er leiðarljósið



Heilsueflandi samfélag

Að skapa heilsueflandi samfélag þar sem lagður er grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu og vellíðan í leik og námi.

Að venja börn strax í barnsæsku við heilbrigða lífshætti og auka gleði og vellíðan með áherslu á hreyfingu, næringu, lífsleikni og sköpun.

Jákvæð og uppbyggjandi samskipti

Stuðla að því að börn og starfsfólk temji sér umhyggjusöm samskipti með áherslu á virðingu, umburðarlyndi og traust þannig að sjálfsmynd barna og starfsfólks eflist.

Að skapa jákvæðan skólabrag sem einkennist af gleði, trausti og umhyggju.

Leikur og nám

Leikurinn er námsleið leikskólans og styðja skal við þá leið með fjölbreyttum efnivið, tíma og rými til leiksins og gæta að því að leikefni sé hvetjandi, fjölbreytt og hæfi þroska og áhuga barna.

Efla mál- og læsisþroska með því að auka orðaforða, hugtakaskilning og tjáningu.

Stuðla skal að þátttöku í að móta og njóta fjölbreyttrar menningar og lista.

Gera skal reglubundnar skráningar í leikskólastarfi til að meta einstaklingsbundna stöðu barna en einnig að meta stöðu barna í hópum.



Mannauður

Að stuðla að starfsánægju, samstarfi og starfsþróun.

Starfsánægja
og
vellíðan

Áhugasamir
starfsmenn

Starfsþróun
Skóli
sem lærir

Dreifð
stjórnun

Starfsánægja og vellíðan

Mikilvægt er að skapa jákvæðan skólabrag þar sem öllum getur liðið vel og fá að njóta sín og leggi sitt af mörkum til þess að uppfylla þetta markmið.

Skapa heilsusamlegan vinnustað með góðum starfsaðstæðum og umhverfi.

Stuðla að öflugum samstarfi og umburðarlyndi innan skólans.

Veita starfsfólki stuðning og endurgjöf í starfi.

Áhugasamir og ábyrgir starfsmenn

Starfsfólk leggi sig fram um að vinna að taka þátt í faglegu starfi og sýni metnað, frumkvæði og sjálfstæði.

Starfsfólk sýni ábyrgð í störfum sínum og vinni samkvæmt fyrirmælum og skipulagi sem gildir hverju sinni.

Starfsþróun – Skóli sem lærir

Starfsfólk fylgist með nýjum leiðum í skólastarfi og sé tilbúið að taka þátt í skólaþróun.

Stuðla að faglegri umræðu um stefnu og starfshætti skólans.

Starfsfólk taki þátt í að móta starf og stefnu skólans með samtali og samvinnu.

Fjölbreytt símenntun fyrir alla starfsfólk í formi fyrirlestra, námskeiða, skólaheimsóknna og hópavinnu á skipulagsdögum / deildafundum.

Hvetja starfsfólk til að sækja námskeið / fræðslu utan símenntunar innan skólans.

Dreifð stjórnun

Nýta hæfileika hvers og eins með því að dreifa verkefnum og ábyrgð milli starfsfólks eins og kostur er.

5. Nemendur

Í Garðaseli er lögð áhersla á að skapa námsumhverfi sem einkennist af umhyggju og trausti þar sem börn finna fyrir öryggi og vellíðan í dagsins önn.

Í Garðaseli voru 145 börn innrituð fyrir skólaárið 2023 -2024 en gert er ráð fyrir 147 börnum í reiknilíkani. Sú tala getur breyst á skólaárinu.

Í tveimur yngstu árgöngunum, sem eru staðsettir í tveimur kjörnum á neðri hæð skólans, eru 77 börn eftir innritun.


Þrjú árgangar eru í kjarna á efri hæð skólans en þeim er skipt í Vök, Vog og Vík.

Dvalarstundir barna skólaárið 2023 - 2024 eru 1193 og **barngildisstundir** eru 1692.


Úthlutuð sérskennsla eru 6 stöðugildi.

Á þessum myndum hér fyrir neðan sést að barnafjöldinn í júní var 107 börn en í nóvember var fjöldinn kominn í 145 börn.

Samsetning árganga júní 2023



Samsetning árganga nóvember 2023



6. Starfsfólk

6.1 Samsetning starfsmannahóps


Stöðugildaheimildir skólans í byrjun skólaárs 2023 - 2024 voru 43,97 og til viðbótar því er gert ráð fyrir 1,5 stg pr mánuð til afleysinga orlofs. Tölverðar breytingar urðu á starfsmannahópnum vegna fjölgunar barna. Stöðugildi skólans í febrúar 2023 voru 36.20.

Markmiðið eftir stækkun skólans er að fjölga leikskólakennurum og / eða kennurum með leyfisbréf til að uppfylla viðmið reglugerða og laga um að 2/3 hlutar starfsfólks skulu vera leikskólakennarar. Góð og fjölbreytt blanda menntunar er að verða í Garðaseli og síðan er hópur reynslumikilla leiðbeinenda sem eru skólanum mjög mikilvægir.

Starfsmenn í Garðaseli 2023- 2024

Nafn	Hlutfall	Starfsheiti
Ingunn Ríkharðsdóttir	100	Skólastjóri til áramóta
Ingunn Sveinsdóttir	100	Aðst.skólastjóri / skólastjóri frá áramótum
Ragnheiður Dagný Ragnarsd	100	Sérkennslustjóri
Aaya A Jawair Assoodee	75	Aðstoð í eldhúsi
Alexandra Berg Rúnarsdóttir	90	Háskólamenntaður starfsmaður
Anna Guðrún Sigurðardóttir	100	Háskólamenntaður starfsmaður
Lilja Líndal Aðalsteinsdóttir	75	Matráður
Þorbjörg Valgarðsdóttir	75	Aðst.matráður til áramóta
Ingunn Helga Karlsdóttir	100	Leiðbeinandi / aðstmatráður frá áramótum
Aldís Lind Ingudóttir	100	Leiðbeinandi
Andrea María Andradóttir	100	Leiðbeinandi
Anna Guðbjörg Lárusdóttir	90	Deildarstjóri
Arnþrúður Kristjánsdóttir	80	Leiðbeinandi
Birna Pétursdóttir	100	Þroskapjálfi
Brynhildur Björk Magnúsdóttir	80	2. árs nemi í Þroskapjálfafræðum
Brynhildur Helga Viktorsdóttir	100	Leiðbeinandi til áramóta
Davíð Sól Pálsson	100	Leikskólakennari
Elena Erlingsson	100	Leikskólakennari
Elísabet Birgisdóttir	100	Leikskólaliði
Eygló Baldvina Kristjánsdóttir	90	Leiðbeinandi
Franziska Jóney Pálsdóttir	80	Kennari með leyfisbréf
Freyja Kristjana Bjarkadóttir	90	Kennari með leyfisbréf
Freyja Hrönn Sveinbjörnsdóttir	90	Þroskapjálfi
Gréta Sif Sverrisdóttir	100	Leiðbeinandi
Guðríður Sigurjónsdóttir	100	Deildarstjóri
Guðbjörg Þórisdóttir	100	Leikskólakennari
Guðrún Dögg Rúnarsdóttir	80	Leiðbeinandi
Guðrún Sigvaldadóttir	70	Leikskólakennari
Halla Guðrún Hallvarðsdóttir	100	Leiðbeinandi
Hannah Lára Davíðsdóttir	80	2. árs nemi í þroskapjálfafræðum
Hekla Jónsdóttir		Háskólamenntaður starfsmaður/fæðingarorlof
Ísold Ylfa Magnúsdóttir	100	Leiðbeinandi
Karen Pálsdóttir	100	Leiðbeinandi
Kim Klara Ahlbrechth	40	Leiðbeinandi
Kolbrún Júlía Óladóttir	100	B.a. í uppeldis og kennslufræði / 1.ár í Master
Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir	80	Leikskólakennari í fæðingarorlofi
Kristín Releena Jónasdóttir	100	Deildarstjóri
Laufey Guðnadóttir	40	BED í leikskólakennarafræðum /1. ár Master

Lilja Rún Jónsdóttir	80	Háskólamenntaður starfsmaður
Magnea Dröfn Baldvinsdóttir	100	Leiðbeinandi
María Björg Sveinsdóttir	40	Leiðbeinandi
María Dís Einarsdóttir	100	Leiðbeinandi
Rakel Ýr Sigurðardóttir	100	Leiðbeinandi í fæðingarorlofi
Rannveig Lydia Benediktsdóttir	100	Kennari með leyfisbréf
Ronja Rut Ragnarsdóttir	100	Leiðbeinandi
Róberta Dís Grétarsdóttir	100	Leiðbeinandi
Rósa Linda Óladóttir	80	Leikskólakennari / verkefnastjóri 2019 árg
Sigríður Björk Kristinsdóttir	100	Deildarstjóri
Sonja Sveinsdóttir	100	Deildarstjóri
Sæunn Erla Árnadóttir	80	Leiðbeinandi
Unnur Guðmundsdóttir	100	Deildarstjóri
Valgerður Björk Marteinsdóttir	100	Leiðbeinandi
Hólmfríður Inga Erludóttir		Leiðbeinandi í tímavinnu



Í launalausum leyfi skólaárið 2023 -2024 eru Ásta Benediktsdóttir, deildarstjóri og Sóley Guðmundsdóttir, proskapjálfi.

6.2 Starfspróun og endurmenntun

Starfspróun er framkvæmd á skipulagsdögum og á fundum fyrir alla starfsmenn en einnig með einstaklingsbundinni endurmenntun starfsfólks.

Áætlun um starfspróun og endurmenntun 2023 -2024

Hvað	Hvenær	Hverjir
Farsæld barna á Akranesi	September 2023	Allir
Skyndihjálpi	Nóvember 2023	Allir
Farsæld barna	Nóvember 2023	Sérkennsluhópur
Vitinn – fræðslavefur Velja viðfangsefni sem allir geta / eiga að kynna sér	Allt skólaárið 2023 - 2024	Allir
Menntastefna Akraneskaupstaðar	Innleiðing skólaárið 2023 - 2024	Allir
Vinnustaðurinn okkar Gildi, samskipti, líðan	Skólaárið 2023 - 2024	Allir
Aðalnámskrá leikskóla Nýjar áherslur	Skólaárið 2023 - 2024	Stjórnendur, deildarstjórar, kennarar, sérkennarar

Garðasel er þátttakandi í þróunarverkefni Mennata- og barnamálaráðuneytis og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands sem heitir **Farsæld barna- stuðningur við uppeldisfærni foreldra**. Markmið verkefnisins er að þróa markvissa fræðslu og ráðgjöf fyrir foreldra um uppeldi barna sinna í samstarfi við leik- og grunnskóla og styður vel við samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Tengiliðir skólans í verkefninu er Ragnheiður Dagný Ragnarsdóttir, sérkennslustjóri og Kristín Releena Jónasdóttir, deildarstjóri.

Skólanámskrá Garðasels þarf að taka upp og fara yfir og er það verkefni sem mun verða unnið jafnt og þétt yfir skólaárið og inn í það næsta. Endurmeta þarf námskrána og aðlaga að starfinu í dag þannig að hún gefi sem skýrustu mynd af markmiðum og áherslum í starfi skólans. Þetta er verkefni sem allir þurfa að taka þátt í með einhverjum hætti.



7. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

7.1 Innra mat leikskólans

Markmið innra mats er m.a. að leggja faglegan grunn að umbótum og skólaþróun til að auka gæði og velferð í uppeldi og menntun barna. Áherslan er einnig á að efla starfsþróun, fagmennsku og velferð kennara og starfsfólks. Í mati verða til mikilvægar upplýsingar sem nýtast í daglegu starfi ásamt því að vera til upplýsingagjafar til hagsmuna- og rekstraraðila skólans.

Mikilvægt er að innleiða **matskerfi (Skólapúlsinn/ Geta- gæðakerfi)** til að styrkja innra (starfsfólk, starfshætti, innihald náms) og ytra mat í leikskólum og gera það markvissara og samanburðarhæfara.

Mánuður	Endurmat	Hverjir	Ábyrgð
Október	Hljóm 2	Elstu börnin 2018 árgangur	Sérkennslustjóri
	Líðan könnun elstu barna	Elstu börnin 2018 börnin	Deildarstjóri og kennarar
Október / nóvember	Foreldrasamtöl Skráning Heilsubók Velferð, þroski og líðan barna	2022 árgangur 2018-2019-2020 - 2021 árgangur	Kennarar
Nóvember	Vinnustaðamenning í Garðaseli Velja 6 gildi fyrir skólann	Allir starfsmenn	Skólastjórnendur
Janúar	Vinnustaðagreining Gallup Vinna með niðurstöður, styrkleika og áskoranir	Allir starfsmenn	Skólastjórnendur
Febrúar	Gátlisti Heilsustefnunnar Merkt við á hverri deild og metið hvernig við uppfylfum	Allir starfsmenn	Skólastjórnendur
Mars	Starfsmannasamtöl Starfsánægja og líðan	Allir starfsmenn	Skólastjórnendur
Mars – apríl	Foreldrasamtöl Skráning Heilsubók Velferð, þroski og líðan barna	2022 árgangur 2018-2019-2020 -2021 árgangur	Kennarar

7.2 Mat á proska og velferð barn

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börnin fást við og hafa áhuga á, það sem þau vita, geta og skilja.

Upplýsingarnar notar leikskólinn til að styðja við nám og velferð barnanna og skipulagning skólstarfsins á að taka mið af þessum upplýsingum.

Mat á námi og velferð barna þarf að vera einstaklingsmiðað til þess að efla megi hvert barn. Matið þarf að vera unnið með fjölbreyttum aðferðum og meta þarf jafnt félagslega og námslega þætti hjá barninu, **jafnt einstaklingsmiðað sem hópmiðað.**

Matstæki	Hvernig / hverjir / úrræði
<p>Heilsubókin</p> <p>Skráð tvívsvaer á ári fyrir hvert barn sem er orðið 2 ára.</p> <p>Heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, þekking á litum og formum, næring og svefn, færni í teikningu</p>	<p>Vinna á með þá þætti sem skráningar sýna að eru undir aldursviðmiði um færni. Umsjónarkennari og deildarstjórar bera ábyrgð á því.</p> <p>Umsjónarkennarar / kennarar sjá um að fylla út í Heilsubókina.</p>
<p>Hljóm-2</p> <p>Aldursbundin skimun til að athuga hljóð- og málvitund elsta árgangs leikskólabarna. Börnin eru prófuð á haustmánuðum og foreldrum kynntar niðurstöður.</p>	<p>Sérkennslustjóri prófar börnin.</p> <p>Aðaltilgangur Hljóm-2 er að finna þau börn sem eru með frávik í málproska svo hægt sé að grípa inn í með snemmtækri íhlutun og draga þannig úr áhættu á lestrarerfiðleikum síðar meir. Þau börn sem koma út með slaka færni eða mjög slaka færni fara í nánari athugun hjá talmeinafræðing í samráði við foreldra. Þau börn fara einnig í auka þjálfun í hljóðkerfisvitund í leikskólanum í hóp með öðrum börnum. Síðan eru börnin prófuð aftur eftir nokkra mánuði.</p>
<p>Orðaskil</p> <p>1 ½ -3 ára börn.</p> <p>Listi til að mæla orðaforða barna ef áhyggjur eru af málproska.</p>	<p>Foreldrar fylla listann út.</p> <p>Sérkennslustjóri fer yfir listann og hefur samband við Bergrósu talmeinafræðing sem reiknar út málproskatölu. Foreldrar kallaðir til og farið yfir niðurstöður. Í framhaldinu eru gerðar áætlanir um næstu skref og gæti það verið málproskamat hjá talmeinafræðing eða íslenski smábarnalistinn fylltur út til að kortleggja betur stöðu barnsins.</p>
<p>AEPS listinn</p> <p>Ef grunur er um seinkaðan proska.</p> <p>Listar af færniþáttum sem börn þurfa geta í daglegu lífi</p>	<p>Foreldrar og kennarar fylla út sitthvorn listann sem síðan er farið yfir og skráð niður færni barnsins úr báðum listum. Síðan er fyllt út í listana 2x á ári og farið yfir stöðu barnsins. Einstaklingsáætlun og skipulag þjálfunar er unnin upp úr AEPS listanum.</p>
<p>TRAS</p> <p>Skráingarlisti fyrir 2 -5 ára börn þar sem metin er málhegðun og málþróun</p>	<p>Skráð er 2x á ári með 6 mánaða millibili svör við ákveðnum spurningum. Ef geta barnsins er slök á þessum lista er farið í viðeigandi ráðstafanir eins og þjálfun í hópastarfi. Einnig er haft samband við foreldra og metið hvort ástæða þykir til að fá aðkomu talmeinafræðings.</p>
<p>Íslenski smábarnalistinn</p> <p>Metur gróf- og finnhreyfingar barna ásamt sjálfsbjörg</p> <p>12 -38 mánaða börn</p>	<p>Mæður fylla listann út.</p> <p>Farið er yfir listann og niðurstöður kynntar fyrir foreldrum og kennurum. Gerð er þjálfunaráætlun sem unnin er heima og í leikskóla. Ef um mjög slaka útkomu er að ræða í málhlutanum er kallaður til talmeinafræðingur og málproskinn kortlagður</p>
<p>Efi- 2 málproskaskimun</p> <p>Að finna börn á 4. ári með frávik í málproska</p>	<p>Farið er yfir listann og niðurstöður kynntar fyrir foreldrum og kennurum. Inngrip er metið eftir niðurstöðum skráningar.</p> <p>Meta þarf þörf fyrir frekari greiningu fagaðila/talmeinafræðings.</p>
<p>Aðrar uppeldislegar skráningar</p>	<p>Uppeldislegar skráningar þegar skoða á einstaklingsbundnar aðstæður / færni og/ eða samskipti innan hóps</p>



7.3 Ytra mat leikskólans

Í nóvember 2023 er vinnustaðagreining innan stofnana Akraneskaupstaðar sem Gallup sér um og gefst öllu starfsfólki tækifæri á að svara henni. Farið verður yfir niðurstöður hennar, styrkleika og áskoranir, á skipulagsdegi í **febrúar 2024**.

7.4 Matsáætlun / umbótaáætlun

Í **mars 2022** vann Gallup aðra Vinnustaðagreiningu fyrir Akraneskaupstað og í september 2022 var unnið með niðurstöður þeirrar könnunar í starfsmannahópnum.

Ánægja með vinnustaðinn Garðasel var **4.1 stig af 5** mögulegum. Hér fyrir neðan má sjá helstu styrkleika og áskoranir.

Styrkleikar	Áskoranir
Ég veit til hvers ætlast er af mér í vinnunni	Á síðustu sjö dögum hef ég hlotið viðurkenningu eða lof fyrir að vinna gott starf
Ég hef efni og búnað sem ég þarf til að vinna vinnuna mína rétt	Ég á besta vin í vinnunni
Yfirmanni mínum eða einhverjum virðist þykja vænt um mig sem manneskju	Á síðustu sex mánuðum hefur einhver talað við mig um framfarir mínar
Hlutverk eða tilgangur stofnunar minnar lætur mér finnast starfið mitt mikilvægt	
Vinnufélagar mínir eru staðráðnir í að vinna góða vinnu	
Í vinnunni hef ég tækifæri til að gera það sem ég geri best á hverjum degi	

Styrkleikar Garðasels snúa að starfsháttum, samvinnu og viðhorfi til starfsins, sem er mjög mikilvægt fyrir skólann. Það sem þarf að skoða og vinna með er endurgjöf til starfsfólks í formi hróss eða leiðsagnar í starfi. Mikilvægt er að horfa til þess að endurgjöf getur komið frá stjórnendum og samstarfsfólki og jafnvel foreldrum.

Vinnustaðamenning, gildi og viðhorf í Garðaseli

Það að stækka hratt sem skóli felur í sér margvíslegar áskoranir. Nýtt starfsfólk kemur inn í hópinn sem fyrir er og stærsta áskorunin er að þjappa hópnum saman og búa til sterka innviði sem ramma utan um skólstarfið.

Í apríl 2022 var unnið með viðfangsefnið **Hvað einkennir góðan starfsmann og góðan samstarfsmann**. Þar komu fram 15 gildi sem starfshópnum fannst skipta máli og á skipulagsdegi í nóvember 2023 voru sjö gildi valin til að vinna með áfram og dýpka.

Þau gildi sem valin voru og þykja lykillinn að starfsfólk tileinki sér í starfi ;



Búið er að setja við hvert gildi ákveðin viðmið sem leiða okkur áfram næstu skref í að byggja upp jákvæða og uppbyggjandi vinnustaðamenningu.

8 Aðrar upplýsingar

8.1 Foreldrasamvinna

Markmið skólans er að stuðla að jákvæðum og upplýsandi samskiptum við foreldra ásamt því að hvetja til virks samstarfs og þátttöku í starfinu. Lögð er áhersla í upphafi að leggja grunn að jákvæðu og uppbyggjandi samstarfi þar sem öryggi, vellíðan og velferð barnsins er höfð að leiðarljósi.

Nýjum foreldrum er boðið á kynningarfund þar sem áherslur og starfsemi skólans eru kynntar í upphafi skólagöngu yngstu barnanna. Tvö foreldrasamtöl eru á skólaárinu og þá geta foreldrar hvenær sem er óskað eftir samtali þar fyrir utan.

Upplýsingaflæði frá skólanum fer í gegnum tölvupósta í Völu, á heimasíðu skólans og á fésbókarsíðu skólans og árganga / deilda.

Foreldraráð 2023 - 2024 – fundir / samráð við skólastjóra

- Berglind Pétursdóttir
- Lóa Guðrún Gísladóttir
- Rósa María Sigurgeirsdóttir
- Þórdís Þöll Þráinsdóttir

Foreldrafélag 2023 - 2024 – fundir / samráð við aðst.skólastjóra

- Anna Kvaran
- Lena Gunnlaugsdóttir
- Sigurrós Harpa Sigurðardóttir
- Viktoría Rós Viktorsdóttir

8.2 Samstarf leik- og grunnskóla

Brúum bilið

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir leikskólanám. Frá árinu 1996 hefur verið formlegt samstarf milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi með það að markmiði :

- að tengja skólastigin saman
- að skapa samfellu í námi og kennslu barna á þessum tveimur skólastigum
- að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi
- að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga milli skólastiga

Skipulag samstarfsins

Skipulagsfundur að hausti: Leikskólakennarar og grunnskólakennarar skipuleggja samstarf vetrarins

Elstu nemendur leikskóla fara í 3 daga í grunnskólana í **Haustskóla**. Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í leikskólana ef kostur er. Tímasetning Haustskólans er ákveðin í samráði við grunnskólana.

Annað óformlegt samstarf yfir veturinn á milli skólastiga felst í því að skólarnir bjóða nemendum á ýmsar upptakur á hvoru skólastigi s.s. á árshátíð, leiksýningar.

Endurmat vegna haustannar í janúar 2024 Kennarar á báðum skólastigum funda og fara yfir samstarf haustannar.

Vorskólinn í mars- apríl : Vorskólinn er í 3 daga í lok mars eða byrjin apríl en þá taka grunnskólarnir á móti væntanlegum nemendum sínum í 1. bekk og kynna skólann sinn. Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í leikskólana.

Íþróttadagur og Húllumhæ í lok apríl –samstarfi skólaársins slitið með leik og grilli.

Matsfundur að vori: kennarar á báðum skólastigum meta árangur af samstarfi vetrarins

Skilafundir í ágúst: Í núgildandi lögum umleikskóla er þess getið að persónuupplýsingar um barn í leikskóla, sem nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskóla, skulu fylgja barninu í grunnskóla enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Markmiðið með upplýsingamiðluninni er að tryggja að byggt sé á fyrri námi og reynslu leikskólabarna þegar þau koma í grunnskóla og að aðlögun þeirra verði eins og best verður á kosið

8.3 Samstarf leikskólastjóra

Leikskólastjórar hittast reglulega og eiga mikið og gott samráð um ýmis mál tengd starfi þeirra og starfsemi leikskólanna. Ekki er um fasta fundi eða samráð að ræða og oftár eru mál rædd í tölvupóstum eða símtali.

Samráð leikskólastjóra og sviðstjóra, Dagnýju Hauksdóttur, er einu sinni í mánuði og oftár ef þörf er talin á.

8.4 Samstarf sérkennslustjóra

Sérkennslustjórar hittast reglulega eða að jafnaði einu sinni í mánuði.

8.5 Almennar upplýsingar

Leikskólinn er opinn frá kl: 7.30 -16.30. Opnað er á einni deild í hverjum kjarna kl: 7.30 og skilað í lok dags kl: 16.30.

Þrjú kjarnar eru í skólanum ; Lón og Lind (2022) , Holt og Hóll (2021) og svo þrjár deildir á 2. hæð skólans en þar er Vök (2020) , Vogur (2019) og Vík (2018).

Á skólaárinu 2020 - 2021 verða fimm skipulagsdagar og leikskólinn lokaður þessa daga. Tveir dagar dagar koma á haustönn (september og nóvember) og þrjú á vorönn (febrúar – apríl).

Lokað er í 4 vikur á sumrin og er tímasetning lokunar tekin af Skóla- og frístundaráði í janúar ár hvert.

Tilraunaverkefnið **Skráningardagar** vegna styttingu vinnuvikunnar er í gildi skólaárið 2023 - 2024. Leikskólinn er lokaður í vetrarfríi í október og febrúar, fjóra daga í kringum jólin og þrjú daga í dymbilvikunni.

Foreldrar þurfa að skrá mætingu barna sinna þessa daga fyrir 30. september og mun leikskólinn vera með þjónustu fyrir þau börn og manna hana. Ef foreldrar taka út alla þessa 11 daga verður desember gjaldfrjáls. Ef foreldrar velja að taka út einhverja af þessum dögum eru þeir gjaldfrjálsir.

Þetta gefur leikskólanum tækifæri á að losa uppsafnaða vinnustyttingu starfsfólks án þess að auka álagið á degi hverjum með minni mönnun.



9. Skóladagatal 2023 -2024

Ágúst

8. ágúst	Leikskólinn opnar eftir sumarlokun
9.- 10. ágúst	Aðlögun eldri barna
11. -15. ágúst	Aðlögun yngstu barna

September

19. sept	Heilsuskokk
25. sept	Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

Október

16. - 17. okt	Vetrarfrí *
23. - 31. okt	Foreldrasamtöl á öllum deildum

Nóvember

1.- 3. nóv	Foreldrasamtöl á öllum deildum
8. nóv	Dagur gegn einelti
16. nóv	Dagur íslenskrar tungu – deildir skipuleggja þennan dag
20. nóv	Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður

Desember

Í desember	Aðventustundir deilda / skóla
13. desember	Rauður dagur / Litlu jólin
19. desember	Jólamaturinn
22. -29. des	Jólafrí *

Janúar

19. janúar	Bóndadagur – morgunkaffi fyrir feður, bræður og afa
------------	---

Febrúar

6. febrúar	Dagur leikskólans
12. febrúar	Bolludagur
13. febrúar	Sprengidagur
14. febrúar	Öskudagur – búninga / náttfatadagur / Öskudagsgleði
15. febrúar	Skipulagsdagur – leikskólinn lokaður
16. febrúar	Vetrarfrí *
19. febrúar	Vetrarfrí *
23. febrúar	Konudagskaffi (18.febrúar) morgunkaffi fyrir mömmur, ömmur og systur

Mars

25.-27. mars	Páskafri *
--------------	------------

Apríl

8. – 19. apríl	Foreldrasamtöl á öllum deildum
26. apríl	Skipulagsdagur * fluttur frá 2. janúar
29. apríl	Skipulagsdagur * fluttur frá 2. apríl

Mái

6. – 8. maí	Umferðardagar – hjól, gangbrautir og umferðarljós
Ódagsett	Útskriftarferð elstu barna

Júní

3. – 7. júní	Íþróttadagar
Ódagsett	Sundnámskeið elstu barna
ódagsett	Útskriftarhátíð elstu barna

Sumarlokun 2024 mun Skóla – og frístundaráð ákveða síðar.



10. Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Garðasels 2023 -2024.

Samkvæmt 11. grein laga um leikskóla skal foreldraráð vera starfandi við skólann og skulu að lágmarki þrjú foreldrar sitja í ráðinu.

Hlutverk ráðsins er að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi skólans.

Starfsáætlun leikskólans 2023 -2024 hefur verið yfirfarin af foreldraráði skólans þetta skólaár.

Foreldraráð er sammála um að starfsáætlun sé skýr, aðgengileg, auðlesin og endurspegli það starf og þær áherslur sem skólinn leggur upp með.

Fh. foreldraráðs

Rósa María Sigrúnisdóttir
Lóa Guðnir Gísladóttir

11. Lokaorð

Annasömu ári er að ljúka og framundan eru spennandi tímar í uppbyggingu innra starfs í Garðaseli. Breytingar verða í stjórnun skólans en um áramót tekur Ingunn Sveinsdóttir við sem skólastjóri og mun ráða með sér aðstoðarskólastjóra.

Áfram verður lögð áhersla á að skapa námstækifæri fyrir öll börn þar sem þau læra og dafna í leik og starfi með öðrum og efla færni sína í samskiptum.

Góð viðvera og samstaða í starfsmannahópnum skiptir miklu máli í að viðhalda vellíðan barna og starfsfólks sem um leið styður við jákvæða skólamenningu.

Það þarf heilt þorp til að ala upp og mennta barn og þar eru starfsfólk skólans, foreldrar og skólafirvöld í lykilhlutverkum og saman ber þeim að vanda vel til verka í sátt, samvinnu og af fagmennsku.